

Ólafur Melsted
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Mál nr. 201606190 - Í Búrfellslandi Þormóðsdal,
framkvæmdaleyfi fyrir rannsóknarborunum.

02.12.16

Í framhaldi af kynningarfundum Iceland Resources ehf. og Melmis ehf. með fulltrúum Mosfellsbæjar þann 30 nóvember síðastliðin, þar sem lögð voru fram og kynnt frekari gögn um umfang og tilgang rannsókna í landi Búrfells og Þormóðsdals. Vill Iceland Resources með erindi þessu óska eftir endurupptöku á fyrra erindi dagsettu þann 03 ágúst 2016, í ljósi frekari gagna sem lögð hafa verið fram.

Því óskar Iceland Resources ehf. eftir að fá framkvæmdarleyfi fyrir borun á rannsóknarholum ásamt töku skurðsýna í samræmi við áður send gögn. Félagið óskar eftir að sveitarfélagið nýti undanþágu sem heimild er fyrir í reglugerð um framkvæmdarleyfi nr.772/2012, 9 gr. og óski eftir meðmælum Skipulagsstofnunar með framkvæmdunum.

Einnig er óskað eftir því að sveitarfélagið skoði hvort möguleiki sé, að gerðar verði breytingar á aðalskipulagi Mosfellsbæjar þar sem rannsóknir og rannsókna boranir á jarðlögum verða heimilaðar almennt innan sveitarfélagsins.